



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2014

Efni: Umsögn SI og SA um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og nýtingu landssvæða, nr. 13/141 – mál nr. 244.

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins gera ekki athugasemdir við efni þingsályktunarinnar sem felur í sér að Hvammsvirkjun verði færð úr biðflokki yfir í orkunýtingarflokk, enda telja samtökin rök fyrir því að allar fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár fari í þann flokk.

Samtökin vilja hins vegar ítreka efnislegt innihald umsagna sinna og Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV) vegna tillagna verkefnisstjórnar um rammaáætlun sem birtar voru í mars sl. og sem finna má á vefsvæðinu rammaaetlun.is. Megin inntak þeirra er að rammaáætlun hafi farið út fyrir sitt verksvið í umfjöllun um virkjanir í Neðri Þjórsá og kröfum um frekari gögn um virkjanir sem þegar höfðu farið í gegnum ferli mats á umhverfisáhrifum. Í umsögn samtakanna kemur fram:

„Samtökin gera athugasemdir við vinnuferli verkefnisstjórnar og telja að vinna undir merkjum rammaáætlunar sé komin fram úr því sem henni er ætlað. Samkvæmt lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, er það ekki hlutverk rammaáætlunar að kalla eftir frekari umhverfisgögnum um framkvæmdir sem þegar hafa farið í gegnum MÁU, það er á höndum stofnana sem á eftir koma í undirbúningsferli virkjana. Horfa þarf einnig til meðalhófsreglu en stofnað hefur verið til tafa á verkefnum sem eru næstum komin á framkvæmdastig og hafa verið undirbúin með miklum tilkostnaði frá því löngu áður en lög um rammaáætlun litu dagsins ljós.“

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd SA og SI,

Bjarni Már Gylfason
Hagfræðingur SI

Bryndís Skúladóttir
Forstöðumaður umhverfismála